

# TILLAGA

## REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: N-Lax ehf.  
Kennitala: 551009-1220  
Aðsetur: Laxamýri  
641 Húsavík  
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1216  
Leyfið gildir til: xx.xx.xxxx

### Starfsemi:

SS 1 - Regnbogasilungur / Oncorhynchus mykiss  
SS 2 - Bleikja / Salvelinus alpinus  
SS 3 – Viltur lax / Salmo salar  
AE 1 - Regnbogasilungur / Oncorhynchus mykiss  
AE 2 - Bleikja / Salvelinus alpinus

### Í gildi frá:

xx.xx.xxxx  
xx.xx.xxxx  
xx.xx.xxxx  
xx.xx.xxxx  
xx.xx.xxxx

Landeldi. Hámarkslífmassi 50 tonn. Lax: Villtur.  
Regnbogasilungur: Danmörk. Bleikja: Hólar.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana.

Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitafélaga og næstu veiðifélaga. Rekstrarleyfishafa ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa sem byggir á gagnagrunni um erfðaeefni hjá framleiðanda hrogna.

*Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og ræktunarsvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.*

*Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 462/2021 (sem innleiðir reglugerð ESB nr. 2016/429) um smitandi dýrasjúkdóma, með síðari breytingum og ber rekstrarleyfishafa að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.*

*Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.*

---

*Andri Snær Þorsteinsson, Sérfræðingur fiskeldisdeildar*